

Innviðaráðuneytið
b.t. skrifstofu samgangna
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 9. janúar 2026

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (EES-reglur – FuelEU Maritime)

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (EES-reglur – FuelEU Maritime) (hér eftir „áformin“) sem birtist á samráðsgátt stjórnvalda 11. desember sl. Líkt og er tekið fram á samráðsgáttinni er með fyrirhuguðu frumvarpi ætlað að breyta ýmsum lögum og tryggja lagastoð fyrir innleiðingu reglugerðar ESB 2023/1805 FuelEU (hér eftir „FuelEU“). FA gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í áformunum er tekið fram að stefna hins opinbera hér á landi er að draga úr losun GH¹ með hagkvæmum og skilvirkum hætti og **ná kolefnishlutleysi eigi síðar en 2040**. Þá kemur jafnframt fram að ekki eigi að ganga lengra við innleiðingu en þörf krefur.

FA vill í þessu sambandi vekja athygli á ákvæðum reglugerðarinnar FuelEU en þar koma fram kröfur um lækkun losunar sem er 31% 2040 og 80% 2050. Markmið ESB um að **ná kolefnishlutleysi er eigi síðar en árið 2050**. Ljóst er því að markmið um kolefnishlutleysi er misjafnt eftir því hvort um er að ræða Ísland (2040) eða ESB (2050). Mikilvægt er að stjórnvöld standi við ofanefnda staðreynd, þ.e. að ekki skuli ganga lengra við innleiðingu en þörf krefur.

Þar sem markmið um kolefnishlutleysi er misjafnt milli ESB og Íslands er hætt við að flýtt verði fyrir markmiðum um lækkun losunar en fjallað er um skv. reglugerð FuelEU. Sé það gert felst í því innleiðing íþyngjandi ákvæða sem getur ekki talist annað en gullhúðun Evrópureglna og hefur þ.a.l. áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja hér á landi. Í tillögum starfshóps vegna hagræðingar í ríkisrekstri sem ríkisstjórnin skipaði er m.a. fjallað um að vinna eigi gegn gullhúðun en þar segir:

„Unnið verði að því að fjarlægja gullhúðun í íslensku regluverki. Einnig verði farið að tillögum starfshóps utanríkisráðherra um aðgerðir gegn gullhúðun. Meginregla verði að ekki verði gengið lengra en lágmarkskröfur viðkomandi Evrópugerðar kveða á um nema í undantekningartilvikum, t.d. ef það væri í þágu íslenskra hagsmuna og drægi úr reglubyrði atvinnulífsins.“²


¹ GH^L: gróðurhúsalofttegundir.

² Hagræðing í ríkisrekstri; tillögur starfshóps forsætisráðherra til ríkisstjórnar eftir samráð við almenning, <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/Hagr%C3%A6%C3%B0ing%20%C3%AD%20r%C3%ADkisrekstri%20-%20till%C3%B6gur%20hagr%C3%A6%C3%B0ingarh%C3%B3ps.pdf>

Vitanlega er íslenska ríkinu frjálst að ganga lengra en Evrópugerð kveður á um en m.v. ofangreinda stefnu þarf að taka sérstaklega fram að gengið sé lengra en viðkomandi gerð kveður á um hverju sinni. FA er eindregið sammála þeirri nálgun að eigi að víkja frá óbreyttri innleiðingu Evrópureglna þá sé það til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins eða í þágu íslenskra hagsmuna. FA hvetur ráðuneytið því eindregið að standa við þá stefnu sem mörkuð hefur verið, um að ekki verði gengið lengra við innleiðingu en þörf krefur líkt og tekið er fram í áformunum.

FA er ávallt reiðubúið til að funda með ráðuneytinu vegna málsins og áskilur sér einnig þann rétt að skila frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur